

Heiti: Mörgæsafjall! – Penguin Pile!

Fjölskylduspil

Aldur: 4+

Fjöldi leikmanna: 1-5

Leiktími: Ótilgreint

Innihald: Undirstaða fyrir borgarísjaka, borgarísjaki með fána, 20 mörgæsir, hringur úr pappa (3 pússlbitar til að setja saman).

Hugmynd og markmið:

Setjið eins margar mörgæsir á ísjakann og hægt er. Sá sem er fyrstur að setja allar sínar mörgæsir á borgarísjakann vinnur.

Undirbúningur:

Setjið undirstöðuna á borð. Til að borgarísjakinn hristist minna þá er gott að nota hringinn úr pappa sem fylgir. Það verður auðveldara fyrir þau yngstu að vera með ef það er gert.

Settu pappahringinn í botninn á undirstöðunni. Æfðir þátttakendur geta leikið án þess að nota hringinn.

Settu rauða flaggið á topinn á borgarísjakanum og svo er hann settur á undirstöðuna. Setjið mörgæsirnar saman: framhlið (hvít), bak (svart) og höfuð með vængjum (svart). Settu fyrst framhlið og bak saman (sjá myndir í ensku leiðbeiningunum).

Þá setur þú höfuð og vængi á mörgæsina, þú gerir það að framan. Pinninn úr slaufunni og vængirnir falla saman við hvíta mörgæsina og svart bakið (mynd 2 í ensku leiðbeiningunum).

Þegar búið er að setja mörgæsirnar saman er ekki hægt að taka þær í sundur aftur. Skiptið mörgæsunum, þær eru 20, jafnt á milli þátttakenda. Ef einhverjar ganga af þá eru þær settar aftur í kassann. Hafið borgarísjakann þar á borðið sem allir geta auðveldlega komist að honum.

Gangur spilsins:

Sá yngsti byrjar. Þegar það kemur að þér þá tekur þú eina af mörgæsunum þínum og setur hana einhvers staðar á borgarísjakann. Það skiptir engu máli hvar það er. Það er hægt að snúa borgarísjakanum ef þörf er á.

Það sem skiptir máli er að mörgæsin sé örugg og detti ekki. Ef hún dettur þá verður þú að taka hana til baka og sá næsti á leik.

Þátttakandi vinstra megin við þig leikur næst.

Hver þátttakandi setur aðeins eina mörgæs í einu á borgarísjakann. Ef fleiri en ein mörgæs detta niður – annað hvort þegar þú ert að setja mörgæs á ísjakann eða strax á eftir – þá verður þú að taka **allar** mörgæsirnar sem dattu. Mörgæsa hjörðin þín fer stækkandi!

Eftir því sem mörgæsurnar fjölga á borgarísjakanum þá verður erfiðara að finna góðan stað fyrir þær sem eftir eru. Stundum, hvernig sem á því stendur, detta mörgæsir niður og allur leikurinn breytist.

Leikslök:

Sá vinnur sem er fyrstur að setja allar sínar mörgæsir á borgarísjakann.

Tilbrigði við reglurnar:

Regla ef það er einn sem leikur: Reyndu að setja allar mörgæsirnar á borgarísjakann. Það er raunveruleg áskorun að láta allar 20 halda jafnvægi. Hvað getur þú sett margar? Farðu nokkrar umferðir og reyndu að fjölga mörgæsunum sem halda jafnvægi.

Þýðing: Eirný Valsdóttir